



**Viðtakandi:** Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar  
**Sendandi:** Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar, Þjónustu- og nýsköpunarsvið

### Heimild til samningskaupa á sérfræðiþjónustu frá Microsoft

Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar óskar eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar til samningskaupa á sérfræðiþjónustu frá Microsoft. Um er að ræða samningskaup án undangenginnar útboðsauglýsingar sbr. b. lið 26. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar og sbr. b. lið 39. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 enda er Microsoft einkaleyfishafi á þjónustunni „Microsoft Unified Support Services“ og þar með eini aðilinn sem kemur til greina af tæknilegum ástæðum.

Þetta yrði áttunda framlengingin á Unified Support-samningi um kaup á þjónustu ráðgjafa frá Microsoft, í þetta sinn kaup á Unified Enterprise Support, á sambærilegum kjörum og hingað til. Árleg upphæð er USD 134.000,- eða tæplega 18 mkr. á ári án vsk. Samningstíminn er þrjú ár eða til 31.3.2025.

Umræddur samningur tryggir bætt rekstraröryggi Upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar á Microsoft lausnum og hefur margsinis lágmarkað rekstrartruflanir í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar. Samningurinn tryggir einnig aðgengi að sérfræðingum Microsoft með stuttum fyrirvara allan sólarhringinn allt árið um kring.

F.h. upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar (UTR)

Tómas Guðmundsson,  
tæknistjóri skýjalausna